

VFÖ-34 Dreifing minkahvolpa að heiman

Róbert A. Stefánsson^{1,3}, Menja von Schmalensee^{1,3}, Sigrún Bjarnadóttir¹, Eggert Gunnarsson² og Páll Hersteinsson³

¹Náttúrustofa Vesturlands, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmur, ²Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði, Keldum v/Vesturlandsveg, 112 Reykjavík, ³Líffræðistofnun Háskólans, Öskju, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík, nsv@nsv.is

Fram til þessa hefur þekking á ferðum minkahvolpa að heiman verið fremur brotakennd. Markmið þessa verkefnis var að afla grunnupplýsinga um það hvenær minkahvolpar yfirgefa heimahagana og hversu langt þeir fara. Gagna var aflað með tvennum hætti. Annars vegar voru minkar merktir með radíósendum og fylgst með ferðum þeirra á tveim rannsóknarsvæðum; á ferskvatnssvæði við Sog í Grímsnesi og strandsvæði við Lónakot í landi Hafnarfjarðar. Hins vegar voru minkar veiddir í lífgildrum á Snæfellsnesi og merktir með örmerki. Endurheimtur voru bæði í lífgildrum og með hefðbundnum veiðum minkaveiðimanna. Í aðeins örfáum tilfellum var fæðingarstaður hvolpanna þekktur og er því um lágmarksvegalengdir að ræða. Helstu niðurstöður voru þær að minkahvolpar virðast fara að heiman á tímabilinu ágúst til október, flestir í september. Samtals endurheimtust 53 minkar sem merktir voru á sínu fyrsta hausti. Vegalengdirnar sem þeir höfðu farið voru frá 0-43 km, mælt sem loftlína yfir landi. Langflestar vegalengdir voru undir 5 km en 15% endurheimtna voru meira en 10 km frá merkingarstað.